ÓLAFUR KVARAN SKRIFAR UM MYNDLIST:

ERRÓ

Veigamesti þáttur myndlistar á yfirstandandi Listahátíð er sýning Errós að Kjarvalsstöðum. Á sýningunni eru alls 174 verk gerð á árunum 1959—1978. Það er því tæpt á ýmsum tímabilum listferils hans, allt frá súrrealískum verkum í lok sjötta áratugarins fram til verka hans á síðari árum er hann með ríku hugmyndaflugi vinnur með óvæntar samsetningar áleitinna myndþátta úr ýmsum myndmiðlum.



BR BOOM (1975)



El Greco í geimnum (1974)

New York-París skólinn

Árið 1959 málar Erró mynd, sem hann kallar New York-París skólinn. Í myndinni er horft inn á svið þar sem afskræmd vélmenni raða saman geómetrískum formum eða hella og ausa litnum yfir myndflötinn. Þessi satíríska mynd Errós um abstraktlistina á sjötta áratugnum milli listar með stóru L annars vegar og annarra afurða og myndgerða hins vegar. Menningarhugtakið er ekki lengur bundið við „æðri listir", heldur er notuð mun víðtækari skilgreining, þar sem allar afurðir manneskjunnar skal skoða sem list. Popplistamaðurinn sækir tilfinningalega og sjónræna upplifun í hversdagsleika neysluþjóðfélagsins, sem hann notar bæði sem myndefni og formgerð — eða hann notar hlutina sjálfa í verk sín. Rikur þáttur í popplistinni voru tilvitnanir í og samsetning myndefnis úr ýmsum myndmiðlum, blöðum, tímaritum og svo er einnig í list Errós á sjötta áratugnum. En jafnframt því sem hann notar aðferðir popplistarinnar bæði í kímnum og jafnframt gagnrýnum tilgangi, þá skapar Erró verk sem hafa sterkar rætur í súrrealismanum. Þótt formgerð þessara tveggja viðhorfa, sé um flest ólík þá eiga þau það oft sameiginlegt að vera andóf gegn ýmsum félagslegum fyrirbirgðum og vanabundnum hugtökum. Mjög í anda súrrealismans er t.d. „Gírskipting kynslóðanna" frá 1961, sem felur í sér sterkt andóf gegn ríkjandi skynsemishyggju og stöðlun mannlegrar hegðunar. Um þessa mynd segir Erró m.a. í sýningarskrá: „Lykillinn að Gírskiptingu kynslóðanna, er færibandið í verksmiðju. Mannsbúkar koma í heilu lagi frá neðri hæð. Við erum stödd á annarri hæð, þar sem höfuðin eru skilin frá búknum. Þetta er salur greindarinnar... Efst til hægri er Vélstýran. Hún er algjörlega vélræn og spýtir ákveðnu hegðunarmynstri í hvert höfuð. Greindinni er síðan staflað upp rétt eins og niðursuðudósum." Það er í formgerð þessa verks, sem sjá má ýmis einkenni, sem allar götur síðan hefur einkennt list hans eins og uppröðun myndþátta yfir allan myndflötinn, þar sem sköpuð er ákveðin atburðarás eða ferli í tíma og rúmi.




Stór tár fyrir tvo (1962)

Myndir um myndir

Á sjöunda áratugnum byggir Erró upp myndir sínar einvörðungu á tilvitnunum í aðra dadistanna á þriðja áratugnum, eins og Hausmann, Heartfield og Höch. En þar sem þessir listamenn notuðu ljósmyndir ýmissa myndmiðla beint í verk sín í pólitískum árásum sínum þá yfirfærir Erró tilvitnanir sínar í olíu eða grafík og gefur þeim þannig um leið oft aukinn myndrænan þrótt og áherslur við stækkunina. Það er ekki einvörðungu í niðurröðun og samsetningu myndþáttanna, sem sjá má í verkum Errós náin tengsl við þessa listamenn á þriðja áratugnum, heldur einnig oft hvað varðar hugmyndalegt inntak. Í myndröðinni „Bandarísk búsæld" 1968, skálma norður-víetnamískir skæruliðar inn í ameríska kjarnasvæðið, heimili millistéttarinnar. Enginn er lengur óhultur um öryggi sitt — eins konar martröð á heimavígstöðvunum. Kraftur þessara myndtákna felst jöfnum höndum í hinu pólitíska og sálfræðilega hugmyndagildi og þeim myndræna styrk sem í þeim felst. Þessar kraftmiklu vixlverkanir forms og hugmyndagildis má einnig glöggt sjá í tvíræðum samsetningum japanskra ástalífsmynda á móti vélvæddu hernaðarbrölti vesturlanda. E.t.v. andstæðar táknmyndir lífs og dauða, eða má túlka sem svo að árásarhvötin og hin erótíska hvöt séu af sama toga? Þessi háttur Errós að láta svo snarpar andstæður, sem táknmyndir heilla menningarsvæða mætast má einnig sjá í Mao-Tse-Tung myndaröðinni, þar sem Mao eins og segir í sýningarskrá... „leggur upp í langa göngu gegnum stöðnun hins vestræna heims, án nokkurs illvilja með bros á vör og hlýlegur í fasi. Oftast er hann umkringdur flokksbræðrum sínum, rauðum varðliðum, bændum, hestamönnum, verkamönnum, læknum, verkfræðingum og dönsurum úr Peking óperunni. Tvenns konar heimildir mætast — tími og rúm skipta ekki máli aðeins viðhorfin tvenn sem teflt er saman og metast." Af nokkrum öðrum toga er sá flokkur tilvitnana er hann einangrar kinverskar tímaritsmyndir og hina „idýllsku" tilvitnun skortir viðtækari merkingu en heimildargildi um kínverska hugmyndafræði.



Toppino Lebran (1975)



Nató (1976)


Tvíræð merking

Ýmiskonar tvíræð merking þeirra tilvitnana, sem Erró stillir saman er sterkur þáttur í myndgerð hans. Risastórt svínshöfuð samvaxið barokkskri kirkjubyggingu, má e.t.v. skoða sem andóf eða ádeilu á kirkjuna, en jafnframt sem gamansaman leik að árekstri óvæntra og fjarstæðukenndra tilvitnana. Geimfari, sem svífur um eins og engill í kirkjubyggingu getur í senn framkallað ýmis hugmyndatengsl, fram yfir þau andstæðu hugtök (táknmynd trúarinnar gegn tæknihyggju) sem stillt er saman. En Erró kemur einnig á framfæri tilvitnunum, sem hafa mjög svo einhlíta merkingu, sem sjá má í þeirri myndröð er byggir á sovéska skoptímaritinu Krokodil. Erró setur persónurnar sem oftar í ákveðið rými og mikilvægi þeirra er undirstrikað með stöðu þeirra og stærð í myndrýminu. Og viðfangsefni sovésku tilvitnanna eru ekki af smásmugulegu tagi. Táknmyndir, sem fjalla um England, Frakkland, Hitler eða Nato, þar sem ýkjur og mímik skopmyndaformsins fá nýja myndræna stærð og er raðað upp á hugvitsamlegan hátt. Og sovésku teiknararnir verða víst ekki sakaðir um skoðanaleysi eða óljósar vangaveltur um gang heimsmálanna. Í kúgun Afríku mjólkar Amerika gull í hatt sinn, gleiðbrosandi CIA fulltrúar hjóla um svíðið með atómsprengjur undir handleggnum, þýskur generáll dregur Nató-húfu yfir blóðidrifinn nasistahjálminn í félagsskap akfeitra generála með kjaftfylli af dollurum. Sú spurning er all áleitin við skoðun þessarar myndaraðar og raunar fleiri mynda, að hve miklu leyti má setja samasemmerki á milli inntaks þessara tilvitnana og pólitískra hugmynda Errós sjálfs? Í hvaða tilgangi eru þessar tilvitnanir dregnar fram? Er hlutverk hans fyrst og fremst heimildasafnarans, sem er að viðra einn þáttinn í sovéskri hugmyndafræði og þá af þeirri ástæðu hve skoplega og kunnáttusamlega hún er sett fram? Vangaveltur af þessu tagi snerta í raun miklu stærri spurningu sem lýtur að hlutverki myndlistarmannsins sem nýskapanda forma og lita í hefðbundnum skilningi eða hlutverki hans að vinna úr þeirri myndflóru sem fyrir er og safna tilvitnunum og heimildum um hugmyndir og hugmyndafræðilega afstöðu.

Víðfeðmt inntak

Það er erfitt í fáum orðum að draga saman það hugmyndalega inntak, þær margvíslegu vangaveltur og efasemdir, sem birtast í samsetningu tilvitnana Errós. Hlutverk hans er öðru fremur að safna heimildum og tilvitnunum úr þeirri margbreytilegu myndflóru, sem umlykur okkur daglega og út frá þeim að draga fram hugmyndalegar og formrænar andstæður. Gildi þessarar söfnunar felst ekki einungis í því að gera myndir um myndir heldur hefur hún einnig oft og tíðum djúpa skírskotun til þess veruleika og þeirrar margvíslegu hugmyndafræði, sem hið kaótíska myndflóð speglar allt í kringum okkur. Að afhjúpa slíkar hugmyndafræðilegar þverstæður, hvort sem það er gert af gáska, meinlegri fyndni eða miklum alvöruþunga hefur í raun ávallt verið eitt af hlutverkum myndlistar.

Ólafur Kvaran.



Girskipting kynslóðanna (1961)

á Kjarvalsstöðum

er mjög svo táknræn fyrir listræna stöðu hans á þessum tíma. Með vissri einföldun má skipta verkum hans á sjötta áratugnum í tvö horn, sem kenna má við popplist annars vegar og hins vegar verk af mjög svo súrrealískum toga bæði hvað varðar formgerð og hugmyndalegt inntak.

Nýtt myndmál

Á sjötta áratugnum var heill hópur ungra listamanna að hasla sér völl bæði í Ameríku og Evrópu, sem í einu og öllu braut í bága við þær myndrænu og hugmyndalegu forsendur, sem abstraktlistin hafði lagt til grundvallar undanfarna áratugi. Hugmyndafræði dadaismans og súrrealismans settu m.a. sterkan svip á viðhorf þessa hóps, sem skjótlega var safnað saman undir hugtakið popplist, þótt vitt væri að merkingu. Popplistin hafnaði m.a. mótsetningunni